

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 8. mars 2022  
Málsnúmer: 202202-0037  
SS

### Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Sundabraut.

Vísað er til tölvubréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 24. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um Sundabraut, 45.mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér þingsályktunartillöguna þar sem óskað er eftir því að innviðaráðherra beiti fyrir sér því að hraða framkvæmdum við Sundabraut þannig að þær verði hafnar eigi síðar en fyrir árslok 2023.

Náttúrufræðistofnun vill áréttta að um framkvæmd er að ræða sem fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Vinna við umhverfismat fyrir bæði 1. og 2. áfanga Sundabrautar hófst fyrir tæpum tveimur áratugum síðan og náði því stigi að matsáætlun var samþykkt af Skipulagsstofnun fyrir báða áfanga. Ekki var lokið við gerð frummatsskýrslu. Nauðsynlegt er að framkvæmdin fari aftur í mat á umhverfisáhrifum og í ljósi tímans sem liðinn er og ýmissa breyttra forsenda er þörf á að endurvinnna matsáætlanir fyrir báða áfanga (ef sama áfangaskipting er enn fyrirhuguð sem er óvíst).

Afar mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að krafa um hraða málsmeðferð hafi engin áhrif á faglegan undirbúning og framkvæmd umhverfismats. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í næsta nágreppi eða skarast að hluta til við nokkur náttúruverndarsvæði sem og fleiri svæði þar sem finnast náttúruminjar eða búsvæði lífvera sem þekkt er að hafa töluvert verndargildi. Mikilvægt er að ferli mats á umhverfisáhrifum og ferli skipulags gefi kost á að rýna gaumgæfilega áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins og þá með nauðsynlegum rannsóknum ef þörf er á.

Virðingarfyllst,

Eydís Líndal Finnbogadóttir

Eydís Líndal Finnbogadóttir  
Forstjóri

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar

